



Fréttatilkynning
17 November 2023 13:15:00 GMT

Íslandsbanki hf.: S&P Global Ratings staðfestir lánshæfismat Íslandsbanka BBB/A-2, horfum breytt úr stöðugum í jákvæðar

Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings (S&P) hefur í dag staðfest BBB /A-2 lánshæfismat Íslandsbanka og jafnframt breytt horfum úr stöðugum í jákvæðar.

Að mati S&P standa íslenskir bankar frammi fyrir minnkandi efnahagslegri áhættu (e. economic risk) samhliða auknum stöðugleika á húsnæðismarkaði og minni skuldsetningu einkageirans, sem leiðir til þess að S&P breytir nú horfum á efnahagslegri áhættu úr stöðugum í jákvæðar. Þrátt fyrir að S&P geri ráð fyrir að viðvarandi verðbólga og hærri vextir leiði til hóflegrar rýrnunar eignagæða fyrir bankakerfið telja þau áhættu á útlánatöpum vegna meiri lækkunar fasteignaverðs, umfram grunnspá S&P, ólíklega.

S&P býst við áframhaldandi traustum hagvexti á Íslandi í kjölfar tímabils er sýnt hefur verulegan efnahagsbata frá heimsfaraldri. Spá þau 3,8% hagvexti á árinu 2023 og að meðaltali 2,5% hagvexti á árunum 2024-2026. Sem áður álitur S&P horfur á sértækri áhættu (e. industry risk), sem hefur áhrif á bankageirann, stöðugar þar sem íslensku bankarnir eru arðsamir og vel fjármagnaðir sem gerir þá vel í stakk búna að verjast samkeppni.

S&P nefnir að þau gætu hækkað lánshæfismat Íslandsbanka á næstu 12-24 mánuðum ef þau sjá viðvarandi bata á efnahagslegum áhættuvísnum tengda minnkandi ójafnvægi á húsnæðismarkaði og minni skuldsetningu einkageirans eða ef Íslandsbanki byggir upp aukið tapsþol í formi hæfra skuldbindinga. S&P gæti endurskoðað horfurnar í stöðugar ef viðsnúningur yrði í íslensku efnahagslífi sérstaklega ef það yrði veruleg verðleiðrétting á íbúðamarkaði eða bakslag hjá helstu atvinnugreinum landsins. Endurskoðun horfa í stöðugar gæti einnig fylgt lækkun á RAC-hlutfalli Íslandsbanka.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeyningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.



Fréttatilkynning
17 November 2023 13:15:00 GMT

Viðhengi

[Outlooks Revised On Three Icelandic Banks On Receding Economic Imbalances Ratings Affirmed Nov 17 2023](#)

[Íslandsbanki hf.: S&P Global Ratings staðfestir lánshæfismat Íslandsbanka BBB/A-2, horfum breytt úr stöðugum í jákvæðar](#)